

REGLUGERÐ KSÍ

um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga

Eftirfarandi hugtök er notuð í reglugerðinni og ber að leggja neðangreindan skilning í þau:

1. *Iðkendaskrá KSÍ: Skrá yfir félag í aðildarfélögum KSÍ sem iðka knattspyrnu. Skráin er vistuð í gagnagrunni KSÍ og félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ (Felix).*
2. *Keppnisleyfi: Heimild leikmanns til þátttöku í opinberum knattspyrnuleik, sem fæst sjálfkrafa við fyrstu skráningu í iðkendaskrá KSÍ eða með tilkynningu sem gefin er út af skrifstofu KSÍ í kjölfar félagaskipta.*
3. *Áhugamaður/Sambandsleikmaður (amateur): Leikmaður sem hefur keppnisleyfi með félagi en er þó ekki samningsleikmaður.*
4. *Sambandssamningur (amateur contract): Samningur sem gerður er við áhugamann þar sem greiðslur til hans geta aðeins náð yfir beinan útlagðan kostnað vegna leikja og kostnað við útbúnað o.fl. en þó aldrei falið í sér heildargreiðslur umfram kr. 300.000 á ári.*
5. *Sambandsleikmaður: Leikmaður er gerir sambandssamning við félag.*
6. *Leikmannssamningur (professional contract): Samningur sem leikmaður gerir við félag, sem heimilar honum að taka við greiðslum fyrir knattspyrnuíðkun.*
7. *Samningsleikmaður (professional): Leikmaður er gerir leikmannssamning við félag.*
8. *Skipulögð knattspyrnukeppni: Knattspyrnukeppni skipulögð í nafni knattspyrnusambands (-sambanda), álfusambands (-sambanda) eða FIFA eða með leyfi þessara aðila.*
9. *Opinber knattspyrnuleikur: Knattspyrnuleikur, sem leikinn er sem hluti af skipulagðri knattspyrnukeppni, svo sem deildarleikur, bikarleikur eða leikur í alþjóðlegri félagakeppni. Vináttuleikir eða æfingaleikir heyra ekki undir þessa skilgreiningu.*
10. *Félagaskiptatímabil: Tímabilin 20. febrúar - 15. maí annars vegar og 15. júlí - 31. júlí hins vegar*
11. *Keppnistímabil: Keppnistímabilið á Íslandi, sem telst standa frá 1. febrúar til 15. október.*
12. *Félagaskiptagjald: Margfeldi af grunngjaldi og afreksstuðli (sjá grein 18.2).*
13. *Félagaskiptabætur: Heildarbætur, sem félag fær vegna félagaskipta samningsbundins leikmanns milli landa (bætur fyrir að leysa leikmann undan samningi).*
14. *Uppeldisbætur: Bætur skv. reglum FIFA sem greiddar skulu þeim félögum sem þjálfar leikmann frá 12 til 21 árs aldurs. Bæturnar skulu greiddar vegna félagaskipta milli landa: a) þegar leikmaður gerir fyrsta leikmannssamning, b) þegar samningsleikmaður skiptir um félag þar til hann nær 23 ára aldri (miðað skal við lok þess keppnistímils sem hann verður 23 ára).*
15. *Samstöðubætur: Bætur skv. reglum FIFA sem skulu greiddar til þeirra félaga sem þjálfuðu leikmann frá 12 til 23 ára aldur, vegna félagaskipta milli landa, þegar samningsbundinn leikmaður er leystur undan samningi við sitt fyrra félag, hann gerir leikmannssamning við nýtt félag og félögin sem í hlut eiga semja um félagaskiptabætur.*

I. kafli. ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr. *Gildissvið*

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga Knattspyrnusambands Íslands og skv. reglugerð FIFA um félagaskipti og stöðu leikmanna (Regulations for the Status and Transfer of Players gefin út í júlí 2005). Hún gildir um öll félagaskipti leikmanna innan KSÍ og eftir því sem við á um öll önnur félagaskipti þar sem annað félagið heyrir undir KSÍ.

2. gr. *Markmið*

Markmið þessarar reglugerðar er að tryggja skýrar og afmarkaðar reglur um félagaskipti leikmanna. Jafnframt á hún að tryggja að samningar leikmanna og félaga séu skýrir og staða aðilanna ljós.

II. kafli. STAÐA LEIKMANNA

3. gr. *Hlutengi leikmanna*

- 3.1. Leikmaður er hlutgengur til keppni með því félagi sem hann æfir fyrst knattspyrnu með, svo fremi að félagið skrái leikmanninn rétt í iðkendaskrá KSÍ og hefur hann þá keppnisleyfi með félaginu. Félaginu ber skylda til að skrá leikmanninn og skal félagið beitt viðurlögum skv. reglugerð þessari ef það skráir ekki leikmenn sína hjá KSÍ.
- 3.2. Hlutgengir til þátttöku í knattspyrnumótum eru leikmenn sem hafa keppnisleyfi sbr. 3.1. Kjósi leikmaður að skipta um félag er hann hlutgengur með nýja félaginu degi eftir að fullfrágengin tilkynning um félagaskiptin hefur verið móttækin af skrifstofu KSÍ, sbr. 15. og 16. gr., og gefið hefur verið út keppnisleyfi fyrir hann.
- 3.3. Leikmaður, með keppnisleyfi, skal ávallt vera hlutgengur til keppni í knattspyrnumótum á Íslandi svo fremi sem aðrar takmarkanir eru ekki fyrir hendi (t.d. aldur, kyn, leikbann, takmörkun í mótareglum, o.s.frv.).
- 3.4. KSÍ getur afturkallað keppnisleyfi ef mistök eða rangfærslur hafa leitt til þess að það var gefið út. Í slíku tilfalli flyst leikmaðurinn í sitt fyrra félag. Mistök KSÍ við útgáfu keppnisleyfis geta með engum hætti orðið til þess að félag verði gert ábyrgt vegna slíkra mistaka og leiða ekki til óhlutgengis viðkomandi leikmanns á því tímabili sem hann lék með nýju félagi.

Ákvæði til bráðabirgða desember 2008

- 3.5. *Leikmaður sem er handhafi keppnisleyfis sem tekur gildi 20. febrúar nk. hefur heimild til að taka þátt í héraðsmótum og Íslandsmóti innanhúss (Futsal) með nýja félaginu frá og með þeim degi er keppnisleyfið er gefið út.*

4. gr. *Áhugamenn/sambandsleikmenn og samningsleikmenn*

- 4.1. Knattspyrnumenn á Íslandi eru annað hvort áhugamenn/sambandsleikmenn eða samningsleikmenn.

- 4.2. Samningsleikmaður telst sá sem undirritað hefur samning við félag sem heimilar honum að taka við greiðslum umfram eigin kostnað við knattspyrnuíðkun. Samningurinn kallast leikmannssamningur. Leikmenn sem ekki eru samningsleikmenn teljast vera áhugamenn.
- 4.3. Greiðslur til áhugamanns geta aðeins náð yfir beinan útlagðan ferða-, fæðis- og dvalarkostnað vegna leikja og kostnað við útbúnað, tryggingar, æfingar og keppni. Heimilt er að gera sérstakan samning við áhugamann, og kallast hann þá sambandsleikmaður og samningurinn sambandssamningur. Sambandsleikmanni er að vissu marki heimilt að taka við greiðslum tengdum árangri. Heildargreiðslur til sambandsleikmanns mega ekki fara út fyrir ramma þessarar reglugerðar og aldrei fara yfir kr. 300.000 á ári.

5. gr.

Endurheimt áhugamannastöðu

- 5.1. Leikmaður skráður sem samningsleikmaður má ekki breyta skráningu sinni í áhugamann fyrr en að liðnum 30 dögum frá síðasta opinbera knattspyrnuleik, sem hann lék sem samningsleikmaður.
- 5.2. Engar bætur greiðast þegar leikmenn öðlast aftur áhugamannastöðu. Ef leikmaður breytir skráningu sinni aftur yfir í samningsleikmann innan árs eftir að hann skráði sig sem áhugamann skal nýja félagið hans greiða félagaskiptagjald eins og segir í 18. gr. þessarar reglugerðar.

6. gr.

Lok knattspyrnuíðkunnar

- 6.1. Samningsleikmenn sem ljúka ferli sínum þegar samningur þeirra rennur út og áhugamenn sem hætta iðkun sinni skulu vera skráðir í iðkendaskrá hjá KSÍ í 30 mánaða tímabil eftir það.
- 6.2. Þetta 30 mánaða tímabil hefst þegar leikmaðurinn leikur síðast fyrir félag sitt í opinberum knattspyrnuleik.

7. gr.

Þjálfari sem leikmaður

- 7.1. Leikmanni, sem er jafnframt þjálfari, er heimilt að taka við greiðslu fyrir störf sín sem þjálfari óháð stöðu sinni sem leikmanns eftir þessari reglugerð.

8. gr.

Samningsstaða

- 8.1. Leikmaður, sem hefur gert samning við félag, getur ekki skipt um félag á samningstímanum, nema með leyfi félagsins. Leikmanni, sem er með samning sem rennur út fyrir næstu áramót, er heimilt að skrifa undir félagaskipti, eiga í samningaviðræðum og skrifa undir samning við annað félag eftir 15. október.
- 8.2. Leikmann, sem gerir samninga við fleiri en eitt félag sem ná yfir sama tímabil, má setja í keppnisbann af framkvæmdastjóra KSÍ þar til málið hefur verið leyst.

III. kafli. SKRÁNING LEIKMANNA

9. gr.
Skráningarskylda

- 9.1. Félög innan vébanda KSÍ skulu skrá iðkendur sína í knattspyrnu í iðkendaskrá KSÍ eigi síðar en frá því almanaksári sem þeir verða 9 ára.
- 9.2. Leikmaður getur aðeins vera skráður iðkandi í einu félagi innan KSÍ á hverjum tíma.
- 9.3. Með því að láta skrá sig lýsir leikmaður því yfir að hann muni hlýða lögum og reglugerðum KSÍ, UEFA og FIFA. Félagið, sem skráir leikmann, verður að kynna honum þessar skyldur eða forráðamanni leikmanns, ef hann er yngri en 18 ára.

10. gr.
Félagaskipti

- 10.1. Félagaskipti leikmanna eru heimil sem hér greinir:
 - 10.1.1. Leikmaður getur mest verið skráður í þrjú félög á keppnistímabilinu. Á því tímabili er honum aðeins heimilt að taka þátt í opinberum knattspyrnuleikjum með tveimur félögum sbr. þó ákvæði um tímabundin félagaskipti í 16. grein. Undanþága skal veitt frá þessu þegar leikmaður skiptir um félag á milli landa, og keppnistímabil þeirra skarast þannig að í öðru landinu er tímabilið vor/haust en í hinu haust/vor. Þegar slíkt á við er leikmanni heimilt að leika í opinberum knattspyrnuleikjum með þremur félagsliðum á keppnistímabilinu svo fremi sem öðrum skuldbindingum sé fullnægt.
 - 10.1.2. Leikmaður getur aðeins gengið til liðs við íslenskt félagslið á tímabilinu 20. febrúar – 15. maí ár hvert, eða á tímabilinu 15. – 31. júlí. Leikmaður getur þó aðeins einu sinni skipt um félag innanlands eftir að hafa leikið í Íslandsmóti eða bikarkeppni KSÍ á almanaksárinu nema þegar um tímabundin félagaskipti er að ræða sbr. 16. grein.
 - 10.1.3. Á öðrum tímabilum eru félagaskipti ekki heimil nema fyrir ósamningsbundna leikmenn í yngri aldursflokkum og þegar leikmaður á tímabundnum félagaskiptum skiptir um félag, en þó aldrei eftir 31. júlí til loka keppnistímabilsins.
 - 10.1.4. Leikmönnum í 4. aldursflokki eða yngri skal þó heimilt að hafa félagaskipti að loknu Íslandsmóti í þessum flokkum.
 - 10.1.5. Innanhússknattspyrna (skv. reglugerð KSÍ um knattspyrnu innanhúss): Leikmanni er aðeins heimilt að leika með einu félagi í Íslandsmóti innanhúss í sama aldursflokki.
- 10.2. Framkvæmdastjóri KSÍ getur veitt undanþágu frá ákvæðum greinar 10.1. fyrir félagaskipti markvarðar utan við félagaskiptatímabil ef ríkar ástæður eru til að hans mati. Skal félagið leggja fram rökstudda greinargerð ásamt fylgigögnum. Undantekning þessi nær ekki yfir markvörð sem hefur leikið með félagi í sömu deild eða ofar á keppnistímabilinu en það félag er óskar undanþágunnar. Ákvörðun framkvæmdastjóra KSÍ er heimilt að áfrýja til samninga- og félagaskiptanefndar sem úrskurðar í málinu.
- 10.3. Sé samningsleikmaður orðinn samningslaus áður en hann getur gengið til liðs við annað félag er samninga- og félagaskiptanefnd heimilt að leyfa félagaskipti hans á

öðrum tíma. Skal það vera gert með sanngirni og íþróttamennsku í huga og án þess að það hafi neikvæð áhrif á þá keppni sem leikmaðurinn verður hlutgengur til þess að taka þátt í.

11. gr.

Leikmannaskrá

- 11.1. Skrifstofa KSÍ skal halda sérstaka leikmannaskrá um alla samningsleikmenn og sambandsleikmenn. Þar skal koma fram aldur leikmanns, lengd samningstímabils, afreksstuðull hans og fyrri félög. Aðeins má skrá leikmann ef fylgt er reglum KSÍ um skráningu samninga og umsókn um skráningu berst innan tilskilinna tímabila
- 11.2. Skráin skal birt á heimasíðu KSÍ og skal skrifstofa KSÍ uppfæra afreksstuðla sbr. 18 gr. í lok nóvember árlega. Leiki landslið í desember sama ár skal skráin uppfærð miðað við það.

12. gr.

Framlagning samnings til skráningar

- 12.1. Ósk um skráningu leikmannasamnings eða sambandsamnings skal berast skrifstofu KSÍ eigi síðar en mánuði eftir undirritun.

13. gr.

Gjald fyrir skráningu

- 13.1. Greiða skal KSÍ gjald vegna skráningar samnings. Gjaldið skal vera krónur 1.500.

IV. kafli. SAMNINGAR LEIKMANNA

14. gr.

Samningsgerð

- 14.1 Félagi er óheimilt að gera samning við leikmann eða félagaskiptasamning sem gerir öðrum samningsaðila, eða þriðja aðila, kleift að hafa áhrif á sjálfstæði félagsins, stefnumál þess eða frammistöðu keppnisliða.
- 14.2 Samninga- og félagaskiptanefnd getur beitt félög viðurlögum við brotum á reglu þessari skv. 24.grein reglugerðar KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga.
- 14.3 Samningur við leikmann skal vera skriflegur og skal hann innihalda staðalákvæði KSÍ, sem kveða á um skyldur félags og leikmanns, hvort sem um sambandssamning eða leikmannssamning er að ræða. Samningur skal að auki a.m.k. hafa ákvæði, sem kveða á um greiðslur til leikmanns og viðurlög við brotum á samningi samkvæmt samkomulagi félags og leikmanns.
- 14.4 Öll félög og allir leikmenn geta gert sambandssamning. Félag sem gerir sambandssamning við einn eða fleiri leikmenn en ekki leikmannssamning kallast sambandsfélag (amateur club). Sambandssamning er ekki heimilt að gera til lengri tíma en tveggja keppnistímabila.
- 14.5 Aðeins félögum í Landsbankadeild karla, 1. deild karla og í Landsbankadeild kvenna er heimilt að gera leikmannssamning. Félag sem gerir leikmannssamning kallast samningsfélag (professional club). Leikmannssamning er heimilt að gera til allt að

- fimm keppnistímabila í Landsbankadeild karla, en þrjú keppnistímabila í 1. deild karla og Landsbankadeild kvenna, sbr. þó næstu grein.
- 14.6 Heimilt er að gera samning við leikmann frá og með því almanaksári sem hann verður 15 ára. Ef leikmaður er ekki orðinn 18 ára skal forráðamaður hans einnig undirrita samninginn til að hann taki gildi. Ekki er heimilt að gera lengri samning en til þrjú keppnistímabila við leikmann sem er yngri en 18 ára.
 - 14.7 Einungis KSÍ umboðsmenn, sem hafa starfsleyfi samkvæmt reglugerð KSÍ um umboðsmenn leikmanna eða umboðsmenn með starfsleyfi frá öðru knattspyrnusambandi innan FIFA, mega starfa sem umboðsmenn félags eða leikmanns við samningsgerð eða félagaskipti. Skulu KSÍ umboðsmenn starfa skv. reglugerð KSÍ um umboðsmenn leikmanna en jafnframt skulu þeir starfa samkvæmt reglugerð þessari.
 - 14.8 Félagi, sem gerir samning við leikmann, er skylt að kynna leikmanninum innihald hans áður en skrifað er undir hann.
 - 14.9 Óheimilt er að setja inn í samninga ákvæði sem takmarka rétt félags við félagaskipti eða semja um það með öðrum hætti.
 - 14.10 Á því ári sem samningur rennur út skal það gerast á tímabilinu 16. október - 31. desember.
 - 14.11 Félag, sem gerir samning við leikmann, hvort sem það er sambandssamningur eða leikmannasamningur, skal senda skrifstofu KSÍ afrit af honum fullfrágengnum til skráningar, en leikmaður og félag skulu fá sitt frumritið hvort eftir undirskrift. Skráning skal gerð innan mánaðar frá undirritun. Áður skal félag standa skil á þeim kröfum sem myndast við undirritun samnings. Félag, sem lætur ekki skrá samning innan tilsettra tímamarka, missir allan kröfurétt sem samningurinn veitir, en leikmaðurinn heldur sínum kröfurétti.
 - 14.12 Ef félag skráir ekki samning innan fyrrgreindra tímamarka getur framkvæmdastjóri KSÍ beitt það viðurlögum skv. reglugerð þessari. Þeirri ákvörðun er hægt að skjóta til samninga- og félagaskiptanefndar KSÍ sem kveður upp endanlegan úrskurð í málinu.
 - 14.13 Félag og leikmaður, sem gera leikmannssamning eða sambandssamning, skuldbinda sig til að hlíta lögum og reglugerðum KSÍ, UEFA og FIFA. Jafnframt skuldbindur félagið sig til þess að hafa ekki samband við samningsbundinn leikmann, umboðsmann hans eða aðra aðila honum tengdum nema að fengnu leyfi frá viðkomandi félagi. Jafnframt skuldbindur leikmaður sig til þess að hafa ekki samband við félag, sjálfur eða einhver fyrir hans hönd, á meðan samningur hans er í gildi nema með leyfi félags síns. Þó er félagi heimilt að ræða við samningsbundinn leikmann og samningsbundinn leikmaður við félag eftir 15. október án leyfis viðkomandi félags, ef samningur hans rennur út eigi síðar en um næstu áramót.
 - 14.14 Ef félag fellur niður í 2. deild karla eða 1. deild kvenna skulu allir leikmannssamningar þess renna út í lok keppnistímabils án nokkurrar ábyrgðar fyrir hvorn aðila og félagið missir heimild til að gera leikmannssamninga. Þetta hefur þó ekki áhrif á reglur um félagaskipti.
 - 14.15 Sé samningur ekki gerður skv. reglugerð þessari telst leikmaður ekki samningsbundinn.

V. kafli. FÉLAGASKIPTI INNANLANDS

15. gr.

Tilkynning, keppnisleyfi o.fl.

- 15.1. Tilkynning um félagaskipti er jafnframt yfirlýsing um, að allir undirritaðir skuldbindi sig til að hlíta gildandi lögum KSÍ, UEFA og FIFA og reglugerð þessari. Á tilkynningunni skal koma fram nafn og kennitala leikmanns og upplýsingar um hvort hann hefur verið sammingsbundinn á undanförunum 3 árum og þá hvar, hvernig og hvenær hann var það síðast, félags þess sem hann er í, félags þess sem hann óskar eftir að ganga í, dagsetning tilkynningarinnar og staðfesting þessara þriggja aðila með undirritun. KSÍ skal útbúa og leggja til eyðublað og/eða aðferð til tilkynningar um félagaskipti. Félög eða félagsdeildir verða við félagaskipti eingöngu skuldbundin af framkvæmdastjóra, stjórnarmönnum eða þeim aðila sem félagið veitir slíkt umboð.
- 15.2. Með staðfestingu sinni á tilkynningu um félagaskipti lýsir
- leikmaður yfir að hann óski eftir að ganga úr því félagi, sem hann er í og yfir í nýja félagið. Ef samningur er enn í gildi milli leikmanns og félags lýsir leikmaðurinn yfir því að félagið hafi verið leyst frá honum.
 - félag leikmannsins yfir að leikmaður hafi fullnægt öllum skuldbindingum sínum gagnvart félaginu og sé heimilt að skipta yfir í nýja félagið. Ef samningur er enn í gildi milli leikmanns og félags lýsir félagið yfir því að leikmaðurinn hafi verið leystur frá honum. Jafnframt lýsir félagið yfir því að gengið hafi verið frá greiðslu félagaskiptagjalds, sem krafa hefur myndast um við sjálf félagaskiptin, eða samið hafi verið um það.
 - nýja félag leikmannsins yfir að það samþykki inngöngu leikmanns í félagið og lofar jafnframt að standa fyrra félagi hans og/eða þeim öðrum félögum sem kröfu eiga á félagaskiptagjaldi skil á því innan eins mánaðar frá því að slík krafa myndast, enda hafi ekki verið um annað samið milli félaganna.
- 15.3. Þegar tilkynning um félagaskipti berst skrifstofu KSÍ er keppnisleyfi gefið út samdægurs ef öllum formsatriðum sem lýst er hér að framan er fullnægt og skrásetningargjald er greitt. Móttökudagur er skráður sá dagur þegar öllum formsatriðum hefur verið fullnægt.
- 15.4. Leikmaður fær keppnisleyfi þegar skrifstofa KSÍ hefur mótttekið fullfrágengna tilkynningu um félagaskiptin og skal leikmaðurinn fá keppnisleyfi með nýja félaginu frá og með næsta degi eftir móttöku. Almennt skal gilda, að leikmaður fær keppnisleyfi frá og með tilteknum degi hafi fullfrágengin tilkynning um félagaskiptin borist til skrifstofu KSÍ fyrir miðnætti daginn áður, en þó verður tilkynning sem berst um helgi eða á frídegi að öllu jöfnu afgreidd næsta virka dag á eftir og keppnisleyfi gefið út frá og með þeim degi.
- 15.5. Leikmaður getur ekki dregið félagaskipti til baka eftir að hann er orðinn hlutgengur með nýja félaginu, eða eftir að hann hefur skrifað undir samning við nýja félagið.
- 15.6. Skrifstofa KSÍ hefur heimild til að seinka útgáfu keppnisleyfis, ef ástæða er til að ætla að tilgangur félagaskiptanna hafi verið sá að viðkomandi leikmaður komist hjá því að taka út leikbann, sem hann hefur áður verið úrskurðaður í.
- 15.7. Ef félag, sem leikmaður gengur úr, vill ekki staðfesta félagaskipti hans, þrátt fyrir að hann hafi fullnægt öllum skuldbindingum sínum gagnvart félaginu, er framkvæmdastjóra KSÍ heimilt að gefa út keppnisleyfi fyrir leikmanninn að undangengnum árangurslausum sáttatilaunum milli félaganna. Í því tilfelli að um ósammingsbundinn leikmann er að ræða getur félag leikmanns aðeins gert kröfu um skil á félags og æfingagjöldum, og aðeins ef það hefur verið innheimt af öðrum í

sama flokki. Samninga- og félagaskiptanefnd er heimilt að beita félagið viðurlögum ef það neitar að staðfesta félagaskipti leikmanns án nokkurra gilda ástæðna.

16. gr.

Tímabundin félagaskipti

- 16.1. Félagi er heimilt að semja um tímabundin félagaskipti til annars félags fyrir leikmann sem er á samningi samkvæmt reglum KSÍ.
- 16.2. Samkomulag um slík félagaskipti skal gert á eyðublað útgefið af skrifstofu KSÍ (Tilkynning um tímabundin félagaskipti) og undirritað af samningsfélagi leikmannsins, félagi sem fær leikmanninn til sín og leikmanninum. Á tilkynningunni skal koma fram lokadagsetning félagaskipta, þ.e. hvaða dag leikmaðurinn skal snúa til samningsfélags síns. Leikmaðurinn skal fá keppnisleyfi með nýja félaginu degi eftir að tilkynningin hefur verið móttækin og skráningargjald greitt. Leikmaðurinn fær keppnisleyfi með samningsfélagi sínu að nýju degi eftir lokadagsetningu félagaskipta eða næsta virka dag þar á eftir.
- 16.3. Lágmarkstími tímabundinna félagaskipta er 1 mánuður og skal telja frá þeim degi sem keppnisleyfi er gefið út. Leikmaður sem hefur fengið tímabundin félagaskipti með lokadagsetningu frá og með 1. ágúst fær keppnisleyfi með samningsfélagi sínu að nýju 16. október sama ár. Hámarkstími tímabundinna félagaskipta skal vera 12 mánuðir en lokadagsetning skal eigi vera síðar en 15. október. Heimilt skal að stytta tímabundin félagaskipti sem skráð hefur verið en þó skal lágmarkstími ævinlega vera 1 mánuður. Í slíku tilfelli skal það gert með tilkynningu um félagaskipti. Tilkynning um tímabundin félagaskipti jafngildir tilkynningu um félagaskipti bæði við upphaf láns og í lok lánstíma.
- 16.4. Tímabundin félagaskipti til Íslands skulu að lágmarki ná að næsta félagaskiptatímabili og skulu eiga sér stað innan félagaskiptatímabils.
- 16.5. Félög, sem semja um tímabundin félagaskipti leikmanns, skulu gera um það skriflegan samning þar sem fram koma kvaðir félaganna og hlutur leikmanns og skal hann undirritaður af báðum félögum og leikmanni. Komi til vanefnda af hálfu félags sem fær til sín leikmann með tímabundnum félagaskiptum skal samningsfélag leikmanns ábyrgt fyrir efndum á leikmannssamningi hans. Brot á ákvæðum þessum skal fara með skv. kafla VIII í reglugerð þessari.

17. gr.

Erlendir leikmenn

- 17.1. Erlendur ríkisborgari telst hlutgengur hafi hann keppnisleyfi útgefið af skrifstofu KSÍ. Ekki geta fleiri en þrír erlendir leikmenn frá öðrum löndum en Evrópska efnahagssvæðinu, Færeyjum og Grænlandi verið skráðir á leikskýrslu í 1. aldursflokki í hvert sinn í leik á vegum KSÍ.
- 17.2. Um félagaskipti erlendra leikmanna, sem leikið hafa með íslensku félagi, gilda ákvæði þessarar reglugerðar.

18. gr.

Félagaskiptagjald

- 18.1. Leikmaður, sem er samningsbundinn við félag, getur ekki haft félagaskipti, nema félagið og hann séu sammála um að leysa hvorn annan frá samningnum. Eftir að samningur rennur út skulu félagaskiptin hlíta ákvæðum þessarar greinar. Sömu ákvæði gilda í þessari grein um leikmannssamninga og sambandssamninga.

- 18.2. Félagaskiptum leikmanna, sem verið hafa á samningi, til, frá eða milli samningsfélaga / sambandsfélaga fylgja greiðslur milli félaga. Slíkar greiðslur skulu ákvarðast af eftirfarandi reglum:
- 18.2.1. Grunnjald félagaskipta er kr. 100.000. Allar greiðslur milli félaga vegna félagaskipta reiknast sem margfeldi af grunnjaldi samkvæmt eftirfarandi reglum. Félagaskiptagjald getur aldrei orðið hærra en tífalt grunnjald sbr. þó grein 18.6. Grunnjaldið skal endurskoðað reglulega af samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ. Nýja grunnjaldið skal taka gildi frá næstu áramótum.
- 18.2.2. Ef leikmaður, sem hefur ekki verið samningsbundinn undanfarin 5 ár og hefur leikið fyrir annað félag (önnur félög) einhvern hluta af þeim tíma, gerir samning við félag, þá skal það greiða gjald til hinna félaganna, og skal heildarupphæðin nema grunnjaldinu. Gjaldið reiknast þannig að félag á rétt hlutdeild af grunnjaldinu fyrir hvert keppnistímabil sem leikmaðurinn var hjá því. Ef um skemmri tíma er að ræða reiknast upphæðin út frá lengd tímans í hlutfalli við lengd keppnistímabilsins.
- 18.2.3. Ef leikmaður, sem hefur verið samningsbundinn, gerir samning við nýtt félag skal það greiða fyrra félaginu, sem hann var samningsbundinn við, félagaskiptagjald fyrir. Félagaskiptagjaldið skal vera grunnjaldið A, samkvæmt grein 18.2.1., margfaldað með afreksstuðlinum, samkvæmt grein 18.2.6.; sbr. þó grein 18.4.
- 18.2.4. Leikmaður, sem hefur verið á samningi, getur ekki í eitt ár eftir að samningur hans rennur út, skipt um félag og leikið án samnings í Landsbankadeild karla eða 1. deild karla, eða í Landsbankadeild kvenna, né í sömu deild eða efri deild en hann lék í áður og ekki með neinu félagi, sem er með samningsleikmenn/sambandsleikmenn, nema áður sé greitt félagaskiptagjald til félagsins sem hann gerði síðast samning við. Ef félag, sem er ekki með samningsbundna leikmenn, greiðir gjald vegna félagaskipta leikmanns samkvæmt þessu ákvæði, skal það njóta sama réttar varðandi leikmanninn ef hann skiptir aftur um félag.
- 18.2.5. Geri leikmaður, sem verið hefur samningsbundinn a.m.k. eitt af síðustu þremur keppnistímabilum, samning við annað félag skal það greiða því félagi, sem hann var síðast samningsbundinn við félagaskiptagjald samkvæmt 18.2.3.
- 18.2.6. Afreksstuðull samkvæmt reglugerð þessari er í 5 þrepum. Fyrir íslenska ríkisborgara (í a.m.k. 4 ár) skilgreinist hann á eftirfarandi hátt fyrir karla:

Stuðullinn er 10 fyrir leikmann sem er

*29 ára eða yngri og hefur leikið
a.m.k. helming af A-landsleikjum Íslands undangengin 4 ár;
eða
a.m.k. 20 A-landsleiki.*

*25 ára eða yngri og hefur leikið
a.m.k. helming af A-landsleikjum Íslands undangengin 3 ár;
eða
a.m.k. 15 A-landsleiki.*

*22 ára eða yngri og hefur leikið
a.m.k. helming af A-landsleikjum Íslands undangengin 2 ár;
eða*

a.m.k. 10 A-landsleiki alls.

Stuðullinn er 7 fyrir leikmann sem nær ekki 10 en er

*30 ára og hefur leikið
a.m.k. helming af A-landsleikjum Íslands undangengin 4 ár;
eða
a.m.k. 20 A-landsleiki.*

*29 ára eða yngri og hefur leikið
a.m.k. fjórðung af A-landsleikjum Íslands undangengin 4 ár;
eða
a.m.k. 12 A-landsleiki.*

*25 ára eða yngri og hefur leikið
a.m.k. fjórðung af A-landsleikjum Íslands undangengin 3 ár;
eða
a.m.k. 8 A-landsleiki.*

*22 ára eða yngri og hefur leikið
a.m.k. fjórðung af A-landsleikjum Íslands undangengin 2 ár;
eða
a.m.k. 4 A-landsleiki;
eða
hefur leikið a.m.k. helming af U21-landsleikjum Íslands undangengin 2 ár.*

Stuðullinn er 5 fyrir leikmann sem nær ekki 7 en er

*31 árs og hefur leikið
a.m.k. helming af A-landsleikjum Íslands undangengin 4 ár;
eða
a.m.k. 20 A-landsleiki.*

*30 ára og hefur leikið
a.m.k. fjórðung af A-landsleikjum Íslands undangengin 4 ár;
eða
a.m.k. 12 A-landsleiki.*

*29 ára eða yngri og hefur leikið
a.m.k. 2 af A-landsleikjum Íslands undangengin 4 ár og a.m.k. 75 leiki í 0. deild;
eða
a.m.k. 4 landsleiki alls og a.m.k. 75 leiki í 0. deild.*

*25 ára eða yngri og hefur leikið
a.m.k. 2 af A-landsleikjum Íslands undangengin 4 ár;
eða
a.m.k. 3 af A-landsleikjum Íslands;
eða
a.m.k. 5 af U21-landsleikjum Íslands og a.m.k. 40 leiki í 0. deild.*

*22 ára eða yngri og hefur leikið
a.m.k. fjórðung af U21-landsleikjum Íslands undangengin 2 ár;
eða
2 af U21-landsleikjum Íslands undangengin 2 ár og a.m.k. 25 leiki í 0. deild.*

Stuðullinn er 3 fyrir leikmann sem nær ekki 5 en er

*32 ára og hefur leikið
a.m.k. helming af A-landsleikjum Íslands undangengin 4 ár;
eða
a.m.k. 20 A-landsleiki.*

31 árs og hefur leikið
a.m.k. fjórðung af A-landsleikjum Íslands undangengin 4 ár;
eða
a.m.k. 12 A-landsleiki.

30 ára og hefur leikið
a.m.k. 2 af A-landsleikjum Íslands undangengin 4 ár og 100 leiki í 0. deild;
eða
a.m.k. 4 A-landsleikis og a.m.k. 100 leiki í 0. deild.

29 ára eða yngri og hefur leikið
a.m.k. 100 leiki í 0. deild;
eða
a.m.k. 50 leiki í 0. deild, og 75 leiki í 0. deild eða 1. deild.

25 ára eða yngri og hefur leikið
a.m.k. 50 leiki í 0. deild;
eða
a.m.k. 25 leiki í 0. deild og 50 leiki í 0. deild eða 1. deild.

22 ára eða yngri og hefur leikið
a.m.k. 1 af A-landsleikjum eða U21-landsleikjum Íslands undangengin 3 ár;
eða
a.m.k. 25 leiki í 0. deild, og a.m.k. 3 leiki alls með einhverju af landsliðum
Íslands;
eða
a.m.k. 50 leiki í 0. deild, eða 1. deild og a.m.k. 3 leiki alls með einhverju af
landsliðum Íslands.

19 ára eða yngri og hefur leikið
a.m.k. 15 leiki í 0. deild eða samtals 30 leiki í 0. deild, eða 1. deild
eða
a.m.k. 10 leiki alls með einhverju af landsliðum Íslands.

Stuðullinn er 1 fyrir leikmann sem nær ekki 3.

Með leikjum í 0. deild teljast leikir í 1. deild fyrir 1995, leikir í aðalkeppni bikarkeppninnar og leikir í Evrópukeppnum félagsliða. Með leikjum í 1. deild teljast allir leikir í 2. deild fyrir 1997. Stuðullinn uppreiknast í lok nóvember ár hvert af skrifstofu KSÍ og leiki landslið í desember sama ár skal afrekstuðullinn uppfærðum miðað við það. Aldur leikmanna miðast við næstkomandi áramót. Stuðullinn telst síðan óbreyttur til loka næsta keppnistímabils.

- 18.2.7. Stuðullinn er 1 fyrir allar konur.
- 18.3. Félagi er heimilt að áfrýja flokkun leikmanns samkvæmt grein 18.2. til samninga- og félagaskiptanefndar KSÍ. Skal þeirri áfrýjun fylgja rökstudd greinargerð.
- 18.4. Framkvæmdastjóri KSÍ skal ákvarða afreksstuðul leikmanna, sem eru ekki íslenskir ríkisborgarar eða voru ekki orðnir það fyrir 4 árum. Skal hann taka mið af styrkleika leikmannsins miðað við íslenska leikmenn með hliðsjón af skilgreiningu afreksstuðulsins í grein 18.2.
- 18.5. Ákvörðun framkvæmdastjóra má áfrýja til samninga- og félagaskiptanefndar og skal það gert eigi síðar en 1. mars árið eftir. Áfrýjun skal fylgja rökstudd greinargerð.
- 18.6. Ef ágreiningur er um félagaskiptagjald innanlands fyrir leikmann, sem áður kom frá erlendu félagi og sannanlega var þá greitt fyrir a.m.k. tvöfalt hæsta félagaskiptagjald sbr. grein 18.2., skal það ákvarðað af samninga- og félagaskiptanefnd. Nefndin skal

taka mið af greiðslu til erlenda félagsins og styrkleika leikmanns, en leggja jafnframt til grundvallar þau sjónarmið sem koma fram í grein 18.2. og þær meginreglur sem gilda í félagaskiptum milli landa og upprunalega félagaskiptagjaldið byggði á. Félagaskiptagjald ákvarðað þannig getur aldrei orðið hærra en greiðslan til erlenda félagsins var.

- 18.7. Leikmanni, sem hefur átt við meiriháttar meiðsli eða veikindi að stríða svo að hann hefur ekki getað leikið knattspyrnu í langan tíma, og telur með hliðsjón af því að afreksstuðull sinn sé metinn of hár og hindri fyrirhuguð félagaskipti sín, er heimilt að áfrýja flokkun skv. gr. 18.2. til lækkunar til samninga- og félagaskiptanefndar KSÍ, sem metur hvort sanngjarnt sé að lækka stuðulinn og þá hve mikið. Skal áfrýjun fylgja rökstudd og skrifleg greinargerð leikmannsins.
- 18.8. Félag skal standa skil á félagaskiptagjöldum áður en félagaskipti taka gildi. Ef slík krafa myndast ekki fyrr en síðar, skal viðkomandi félag standa skil á félagaskiptagjöldum innan eins mánaðar frá því að krafan myndast. Skal miðað við dagsetningu undirritunar sammings. Félagi, sem verður uppvíst að því að brjóta þessar reglur til að komast hjá greiðslum, skal skylt að greiða áfallnar greiðslur með hæstu dráttarvöxtum frá þeim tíma sem greiðslan átti að gjaldfalla og KSÍ sömu upphæð í sekt.
- 18.9. Þegar leikmaður skiptir um félag milli félaga innanlands, skal skrásetningargjald fylgja tilkynningu um félagaskipti til skrifstofu KSÍ. Sama gjald greiðist við félagaskipti til landsins.

VI. kafli. FÉLAGASKIPTI LEIKMANNA MILLI LANDA

19. gr.

Almenn ákvæði

- 19.1. Ef leikmaður sem skráður er í íslenskt félag gengur til liðs við félag í öðru landi berst KSÍ beiðni um útgáfu alþjóðlegs flutningsskírteinis honum til handa frá knattspyrnusambandi erlenda félagsins. Ef samkomulag er um félagaskiptin gefur skrifstofa KSÍ út flutningsskírteinið svo fremi sem skrifstofu KSÍ berist nauðsynleg staðfesting frá félagi leikmannsins.
- 19.2. Félagaskipti leikmanna undir 18 ára aldri eru ekki heimil milli landa. Þó er heimilt að veita undanþágu fyrir félagaskipti innan Evrópska efnahagssvæðisins ef leikmaður hefur náð 16 ára aldri og skilyrði FIFA um slík félagaskipti eru uppfyllt. Slíkri undanþágubeiðni skal beint til framkvæmdastjóra KSÍ. Ákvörðun hans er hægt að áfrýja til samninga- og félagaskiptanefndar.
- 19.3. Leikmanni er ekki heimilt að taka þátt í keppni erlendis fyrr en KSÍ hefur gefið út flutningsskírteini fyrir hann í samræmi við reglur FIFA. Leikmanni er ekki heimilt að leika hér heima að nýju fyrr en KSÍ hefur borist flutningsskírteini og gefið út keppnisleyfi honum til handa. Flutningsskírteini skulu vera í samræmi við reglur FIFA.
- 19.4. KSÍ er þó heimilt að taka skeyti gild sem bráðabirgða flutningsskírteini uns formlega rétt flutningsskírteini berst KSÍ, skv. reglum FIFA.
- 19.5. Ef leikmaður hefur leikið sem áhugamaður eða atvinnumaður með erlendu liði, skal fara með félagaskiptin samkvæmt grein 15.4.
- 19.6. Félagaskipti sammingsbundinna leikmanna til landsins eru aðeins heimil á tímabilinu 20. febrúar - 15. maí ár hvert og á tímabilinu 15. - 31. júlí.

- 19.7. Við félagaskipti leikmanns úr erlendu félagi í íslenskt félag skal senda skrifstofu KSÍ tilkynningu um félagaskipti. Í kjölfar þess óskar KSÍ eftir alþjóðlegu flutningsskírteini frá knattspyrnusambandi erlenda félagsins. Þá skal íslenska félagið greiða skrásetningargjald.
- 19.8. Félagi er heimilt að semja um tímabundin félagaskipti leikmanns milli landa skv. reglum FIFA og skal senda afrit af samkomulagi um tímabundin félagaskipti til skrifstofu KSÍ.
- 19.9. Leikmaður, sem hyggst gerast atvinnumaður í knattspyrnu með erlendu félagi, skal tilkynna þá ákvörðun strax til félags síns. Með slík félagaskipti skal farið samkvæmt reglum FIFA um félagaskipti milli landa.
- 19.10. Hafi leikmaður leikið fyrir annað félag/önnur félög á Íslandi, skal það/þau eiga hlutdeild í félagaskiptabótum skv. reglum FIFA.

20. gr.

Sérákvæði fyrir leikmenn sem eru samningsleikmenn

- 20.1. Ef leikmaður, sem er samningsbundinn við félag, hyggst ganga til samninga um að leika með erlendu félagi skulu þeir samningar fara fram í samráði við samningsfélagið. Samningaviðræður vegna félagaskipta til erlendra félaga skulu taka mið af eftirfarandi vinnureglum:
- 20.1.1. Leikmaður semur sjálfur um eigin launagreiðslur.
- 20.1.2. Stjórn félagsins semur um félagaskiptabætur (uppeldisbætur) við erlenda félagið.
- 20.1.3. Leikmaður getur samið sérstaklega við stjórn félagsins um hlutdeild í félagaskiptagjaldinu. Sú hlutdeild getur þó ekki orðið hærri en 10% af félagaskiptagjaldinu.
- 20.1.4. Samstöðubætur sem koma til við félagaskipti leikmanns til erlends félags skulu greiðast til uppeldsfélaga samkvæmt reglum FIFA.
- 20.2. Hafi leikmaður leikið fyrir annað félag/önnur félög eitthvert af síðustu þremur heilu keppnistímabilum á Íslandi skal það/þau eiga hlutdeild í félagaskiptagjaldinu (á við allar greiðslur og uppeldis- og samstöðubætur) sem hér segir:
- 20.2.1. Félagið, sem leikmaðurinn er samningsbundinn við, skal fá endurgreiddan útlagðan kostnað vegna félagaskipta innanlands, og fjórðung fjárhæðarinnar sem þá stendur eftir.
- 20.2.2. Afgangurinn skal skiptast milli þeirra félaga sem leikmaður lék með undangengin þrjú ár í réttu hlutfalli við dvöl hans hjá hverju þeirra innan tímamarka keppnistímabils, sbr. ofan.
- 20.2.3. Félagaskiptin skulu miðast við dagsetningu alþjóðlegs flutningsskírteinis.
- 20.2.4. Þau félög sem telja sig eiga hagsmuna að gæta við félagaskiptin geta krafist nauðsynlegra gagna frá samningsfélaginu.
- 20.2.5. Um skiptingu félagaskiptagjalds vegna tímabundinna félagaskipta, skv. gr. 19.8. gilda sömu reglur og um varanleg félagaskipti. Sé hins vegar hluti félagaskiptagjaldsins ætlaður til þess að greiða laun leikmannsins erlendis á meðan á hinum tímabundnu félagaskiptum stendur er heimilt að draga þann hluta gjaldsins frá áður en að gjaldinu er skipt enda leiði sú launagreiðsla ekki

til þess að greiðslur lækki til leikmannsins skv. samningi hans við íslenska félagið.

- 20.3. Ef ágreiningur verður um skiptinguna skv. grein 20.2 skal heimilt að skjóta þeim ágreiningi til samninga- og félagaskiptanefndar KSÍ. Er öllum félögum skylt að leggja önnur nauðsynleg gögn fyrir samninga- og félagaskiptanefnd sem úrskurðar í málinu.
- 20.4. Gangi leikmaður, sem var samningsbundinn félagi á Íslandi og gekk til liðs við erlent félag án þess að félagaskiptagjald væri greitt, til liðs við annað félag á Íslandi innan árs eftir að samningi hans við íslenska félagið lauk, skal nýja félagið greiða félagaskiptagjald samkvæmt grein 18 til þess félags sem hann var samningsbundinn við áður, nema það hafi greitt sambærilegt félagaskiptagjald til erlenda félagsins.

VII. kafli. SAMNINGA- OG FÉLAGASKIPTANEFND KSÍ

21. gr.

Starfsskilyrði nefndarinnar

- 21.1. Samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ skal skipuð þrem mönnum og þrem til vara. Einn nefndarmanna og einn varamanna skulu vera lögfræðingar. Stjórn KSÍ skipar nefndarmenn. Starfsmenn KSÍ annast daglegan rekstur málefna nefndarinnar undir stjórn framkvæmdastjóra KSÍ.
- 21.2. Nefndarmaður skal víkja ef ákvarðanatataka snertir hagsmuni hans eigin félags eða hann vanhæfur af öðrum ástæðum og gilda um nefndarmenn sömu vanhæfisreglur og koma fram í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál.

22. gr.

Skrifstofa KSÍ

- 22.1. Skrifstofa KSÍ skal fá afrit af undirrituðum leikmannssamningum og sambandsamningum og sjá um skráningu á þeim í sérstaka leikmannskrá. Framkvæmdastjóri KSÍ er ábyrgur fyrir því að fyllsta trúnaðar og öryggis sé gætt við vörslu þeirra á vegum KSÍ.
- 22.2. Skrifstofa KSÍ getur hafnað samningi vegna formgalla og skal þá báðum samningsaðilum tilkynnt um það. Skrifstofunni er einnig heimilt að veita allt að 2 vikna viðbótarskráningartíma til að bæta úr formgöllum. Áður en samningur er skráður skal félagið sýna fram á að það hafi staðið í skilum vegna þeirra krafna sem mynduðust við undirritun samnings, ella skal skráningu samnings hafnað og báðum samningsaðilum tilkynnt um það.
- 22.3. Samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ skal hafa aðgang að öllum gögnum vegna ágreiningsmála, sem til nefndarinnar koma.

23. gr.

Hlutverk nefndarinnar

- 23.1. Ef ágreiningsefni kemur upp milli félags og leikmanns vegna túlkunar á samningsatriðum skal nefndin leysa úr ágreiningi aðila. Fara skal eftir eftirfarandi meginreglum:
- 23.1.1. Kröfur aðila skulu vera skýrar og lagðar fram skriflega.
- 23.1.2. Nefndin tekur afstöðu til ágreiningsefnisins með úrskurði eftir að hafa gefið aðilum kost á að gera kröfur, færa fram sönnunargögn, kynna sér gögn málsins og tjá sig um sakarefni. Gæta skal jafnræðisreglu.

- 23.1.3. Niðurstaða samninga- og félagaskiptanefndar um ágreiningsefnið er endanleg og bindandi fyrir deiluaðila.
- 23.1.4. Hvor aðili fyrir sig getur þó farið fram á að ágreiningurinn verði lagður í gerð, sbr. lög nr. 53 frá 1989 um sammingsbundna gerðardóma, og skal krafa um slíkt lögð fram skriflega áður en nefndin tekur málið til efnislegrar meðferðar. Skal hvor aðili þá skipa einn mann í gerðardóm og skal aga- og úrskurðarnefnd KSÍ skipa oddamann.
- 23.2. Ágreining milli íslenskra félaga við félagaskipti, m.a. um greiðslur o.fl., skal leggja fyrir samninga- og félagaskiptanefnd og skal málsmeðferð vera með sama hætti og fram kemur í grein 23.1. Úrskurður nefndarinnar er endanlegur og bindandi fyrir alla málsaðila. Ágreining við erlent félag er þó hægt að leggja fyrir FIFA.
- 23.3. Samninga- og félagaskiptanefnd tekur einnig á öðrum málum þar sem ákvæði reglugerðar þessarar eða annarra reglugerða KSÍ heimila málskot til hennar.
- 23.4. Úrskurðir og ákvarðanir samninga- og félagaskiptanefndar er ávallt endanlegir og bindandi fyrir málsaðila og verður ekki áfrýjað eða skotið til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ, áfrýjunardómstóls KSÍ eða annarra dómstóla innan íþróttahreyfingarinnar. Jafnframt skuldbinda málsaðilar sig til að skjóta ágreiningi sem úrskurðað hefur verið af samninga- og félagaskiptanefndar ekki til almennra dómstóla.
- 23.5. Samninga- og félagaskiptanefnd setur sér nánari starfsreglur sem samþykktar skulu af stjórn KSÍ.
- 23.6. Ágreiningsefni til samninga- og félagaskiptanefndar skal hafa borist nefndinni skriflega innan árs frá því að atvik að baki ágreiningsefninu átti sér stað. Berist nefndinni erindi eftir þetta tímamark skal nefndin vísa málinu frá.

VIII. kafli. VIÐURLÖG VIÐ BROTUM

24. gr.

Refsiheildir

- 24.1. Ef félag verður uppvíst að broti á reglugerð þessari þá er framkvæmdastjóra KSÍ og/eða samninga- og félagaskiptanefnd heimilt að beita eftirfarandi viðurlögum (einni eða fleiri saman):
- 24.1.1. Áminningu
- 24.1.2. Sekt
- 24.1.3. Svipta félagi rétti til að gera nýja samninga
- 24.1.4. Önnur viðurlög eða refsingar sem lög og reglugerðir KSÍ heimila.

IX. kafli. STAÐALSAMNINGUR KSÍ

25. gr.

Staðalsamningur KSÍ

Leikmannssamningur Sambandsamningur (merkið við þar sem við á)

Félagið hér eftir nefnt félag, og , leikmaður félagsins, hér eftir nefndur leikmaður, gera með sér eftirfarandi samning, samanber reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga. Samningur þessi gildir frá til (dagsetning). Athugið að leikmannssamningur getur aldrei náð yfir skemmra tímabil en eitt

keppnistímabil og að allir samningar verða að renna út á tímabilinu 16. október – 31. desember.

1. Skyldur leikmanns

- a. Leikmaður skuldbindur sig til að æfa og leika knattspyrnu með félagi sínu á samningstímanum samkvæmt ákvörðunum stjórnar þess, og taka þátt í sameiginlegum verkefnum leikmanna félagsins í samráði við stjórn þess. Öll forföll skal leikmaður tilkynna stjórn félagsins eða fulltrúa hennar (þjálfara).
- b. Leikmaður skal fylgja í einu og öllu þeim reglum, sem settar eru um undirbúning leikja, og nota þann útbúnað sem félagið fer fram á að verði notaður.
- c. Leikmaður skal gæta þess að öll framkoma hans og talsmáti séu félaginu sæmandi og til framdráttar jákvæðri ímynd félagsins.
- d. Leikmanni er óheimilt að gera sjálfstæðan auglýsingasamning án samráðs við stjórn félagsins.
- e. Leikmanni er óheimilt að æfa, keppa, þjálfra eða sýna knattspyrnu á vegum annars aðila en félagsins á samningstímanum án leyfis stjórnar þess. Þó skal honum ævinlega heimil þátttaka í verkefnum á vegum KSÍ, sbr. reglugerð KSÍ um þátttöku leikmanna í landsliðsverkefnum. Leikmanni er ekki heimilt að æfa eða taka þátt í öðrum íþróttagreinum en knattspyrnu án sérstaks leyfis stjórnar félagsins, sem setur viðeigandi skilyrði.
- f. Leikmaður getur ekki gert frekari kröfur um greiðslur en fram koma í samningi þessum. Fyrir sambandsamning geta greiðslur náð yfir beinan útlagðan ferða-, fæðis- og dvalarkostnað vegna leikja, kostnað við útbúnað, tryggingar, æfingar og keppni og umbun tengda árangri, þó þannig að heildarupphæð á greiðslum vegna og til leikmanns má ekki vera hærri en 300.000 kr.
- g. Á samningstímanum má leikmaður ekki, án leyfis stjórnar félagsins, ganga til samninga eða hafa samband við félag, sjálfur eða einhver fyrir hans hönd, við önnur íslensk eða erlend félög eða umboðsmenn þeirra. Viðræður við íslensk félög geta þó farið fram eftir 15. október, ef samningur rennur út fyrir árslok. Ef leikmaður hyggst gera samning við erlent félag skulu samningsviðræður fara fram í samráði við stjórn félagsins.

2. Skyldur félags

- a. Félagið skal leitast við að sjá leikmönnum fyrir sem bestri aðstöðu til æfinga og keppni þeim að kostnaðarlausu.
- b. Félagið skal gæta þess að þjálfarar þess stundi starf sitt á þann hátt að það skili leikmönnum og félaginu sem mestum árangri.
- c. Félagið skal vísa leikmanni, sem verður fyrir meiðslum við æfingar eða keppni á þess vegum eða KSÍ, til hæfs læknis eða sjúkraþjálfara. Félagið skal greiða þann kostnað, sem leikmaður þyrfti að bera vegna meðferðarinnar og ekki greiðist af almannatryggingum eða tryggingafélögum, ef leikmaður fylgir leiðsögn félagsins um lækni og sjúkraþjálfara, enda sé slík meðferð bein afleiðing meiðsla við æfingar eða keppni á vegum félagsins eða KSÍ. Samningsfélag skal sjá til þess að á leikjum meistaraflokks sé til taks læknir, hjúkrunarfræðingur eða sjúkraþjálfari.
- d. Félagið skal sjá um að leikmaður fái leikmannapassa, sem gildir á alla leiki í viðkomandi deild.
- e. Samningsfélag skal útvega leikmanni nauðsynlegan útbúnað til æfinga og keppni. Sambandsfélag skal útvega leikmanni helsta útbúnað til æfinga og keppni.
- f. Félagið skal ganga frá tryggingu fyrir leikmanninn, sem nær yfir slys og meiðsli við æfingar, keppni, ferðir og starf í tengslum við félagið og KSÍ, sem tryggir leikmanninum slysadagpeninga, örorkubætur og e.t.v. dánarbætur samkvæmt eftirfarandi:

--

- g. Í einstökum tilvikum er stjórn félagsins hvött til að gera undantekningu frá reglum hvað varðar greiðslur vegna félagaskipta samningsbundinna leikmanna. Þetta á einkum við þegar mjög persónulegar aðstæður valda félagaskiptum, t.d. ef leikmaður fer erlendis til náms, eða við flutninga vegna breyttra persónulegra haga. Slíkar undantekningar eru þó í öllum tilvikum háðar mati stjórnar félagsins, sem er heimilt að setja viðeigandi skilyrði.
- h. Leikmaður skal fá afrit af samningi þessum að lokinni undirskrift.

3. Almenn ákvæði

- a. Leikmannssamning er heimilt að gera til allt að fimm keppnistímabíla í Landsbankadeild karla, en þriggja keppnistímabíla í 1. deild karla og Landsbankadeild kvenna. Þó er aldrei heimilt að gera lengri samning en til þriggja keppnistímabíla við leikmenn sem eru yngri en 18 ára. Sambandssamning er ekki heimilt að gera til lengri tíma en tveggja keppnistímabíla.
- b. Óheimilt er að setja inn í samninginn eða viðauka við hann ákvæði sem takmarka rétt félags við félagaskipti. Leikmanni er heimilt að semja sérstaklega um hlutdeild í félagaskiptagjaldi við félagaskipti milli landa. Samkvæmt samningi þessum skal hlutur leikmanns vera % (mest 10%, nema fyrir liggi sérstök heimild frá KSÍ um slíkt).
- c. Báðir aðilar gangast undir að virða lög og reglugerðir KSÍ í hvívetna. Ef ágreiningsefni koma upp um túlkun eða gildi samningsins skal reyna að leysa ágreininginn innan félagsins. Ef slíkt dugar ekki skal samninga- og félagaskiptanefnd leysa úr ágreiningi aðila. Kröfur skulu vera skýrar og lagðar fram skriflega. Nefndin tekur afstöðu til ágreiningsefnisins með úrskurði eftir að hafa gefið aðilum kost á að gera kröfur, færa fram sönnunargögn, kynna sér gögn málsins og tjá sig um sakarefni. Gæta skal jafnræðisreglu. Niðurstaða samninga- og félagaskiptanefndar um ágreiningsefnið er endanleg og bindandi fyrir báða deiluaðila og verður ekki áfrýjað eða skotið til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ, áfrýjunardómstól KSÍ eða annarra dómstóla innan íþróttahreyfingarinnar. Jafnframt skuldbinda aðilar sig til að skjóta ágreiningi sem úrskurðað hefur verið af nefndinni ekki til almennra dómstóla. Hvor aðili fyrir sig getur þó farið fram á að ágreiningurinn verði lagður í gerð, sbr. lög nr. 53 frá 1989 um samningsbundna gerðardóma, og skal krafa um slíkt lögð fram skriflega áður en nefndin tekur málið til efnislegrar meðferðar. Skal hvor aðili þá skipa einn mann í gerðardóm og skal aga- og úrskurðanefnd KSÍ skipa oddamann.
- d. Ef annar hvor samningsaðili verður uppvís að því að brjóta ákvæði samnings þessa í mikilvægum atriðum, getur hinn aðilinn rift honum.
- e. Ef samningsfélag fellur niður í 2. deild karla eða 1. deild kvenna skulu allir leikmannssamningar skilyrðislaust renna út í lok keppnistímabíls án nokkurrar ábyrgðar fyrir hvorn aðila.
- f. Aðilar geta hvenær sem er orðið sammála um að leysa hvorn annan frá samningi þessum, þó skal líða a.m.k. 1 mánuður frá undirskrift samnings áður en slíkt tekur gildi. Upplýsingar um slíkt skulu strax sendar skrifstofu KSÍ.
- g. Varðandi önnur atriði er vísað í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga. eru ákvæði þeirrar reglugerðar skuldbindandi fyrir aðili samnings þessa og staðfesta aðilar það með undirskrift sinni.
- h. Breyti aðilar samningi þessum skulu slíkar breytingar tilkynntar með sama hætti og varðandi samning þennan og innan sömu tímamarka og um hann gilda.
4. Annað (laun, hlunnindi, sektarákvæði o.fl.)

Launakjör

Hlunnindi

Viðurlög við brotum á samningi

Önnur ákvæði

Undirritaðir staðfesta samning þennan með undirskrift sinni og votta jafnframt að þeir hafa kynnt sér innihald hans:

 Staður Dagsetning

 Staður Dagsetning

 Undirskrift leikmanns

 Undirskrift félags

 Kennitala leikmanns

 Kennitala félags

 Undirskrift forráðamanns

 Kennitala forráðamanns

 Heimilisfang leikmanns

Umboðsmaður leikmanns tók þátt í
samningsgerð: Já Nei

Ef já:

 Undirskrift umboðsmanns

 Kennitala umboðsmanns

 Heimilisfang umboðsmanns

Mótttekið af samninga- og félagaskiptanefnd
KSÍ:

 Staður Dagsetning

 Undirskrift

Minnt er á að samningurinn skal skráður hjá skrifstofu KSÍ innan mánaðar frá undirritun og eru fylgigögn með samningi þessum ekki heimil heldur skal hann innihalda öll samningsákvæði aðila. Áður en samningur er skráður skal félagið sýna fram á að það hafi staðið í skilum vegna þeirra krafna sem mynduðust við undirritun samnings, ella verður skráningu samnings hafnað. Félag, sem lætur ekki skrá samning innan tilsettra tímamarka, missir allan kröfurétt sem samningurinn veitir, en leikmaðurinn heldur sínum kröfurétti.

X. kafli. GILDISTAKA

26. gr.
Gildistaka

Reglugerð þessi tekur gildi 1. júlí 2007 skv. 18.gr. laga KSÍ og falla þá úr gildi reglugerð KSÍ um samninga og stöðu félaga og leikmanna og reglugerð KSÍ um félagaskipti leikmanna.

Samþykkt af stjórn KSÍ 23. apríl 2007, með breytingum 28. júní 2007, 21. febrúar 2008 og 6. mars 2008.